

**2. fundur skólanefndar vegna Undralands árið 2017, haldinn 4. apríl 2017 í leikskólanum kl. 15:00. 15. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.**

Mætt til fundar: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Elsa Ingjaldsdóttir varamaður Jóns Bjarnasonar sem boðaði forföll, Vigdís Furuseth, Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri, Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi foreldraráðs.

**Dagskrá:**

- 1. Skýrsla leikskólastjóra**
- 2. Starfsmannakönnun**
- 3. Trúnaðarmál**
- 4. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna

Gengið var til dagskrár

**1. Skýrsla leikskólastjóra**

Starfið er í góðum farvegi, starfsmenn ánægðir í vinnu og andinn í húsinu góður. Starfsmannakönnun kom mjög vel út og verður starfsdagur í apríl m.a. notaður til að fara yfir niðurstöður og ræða það sem þarf að bæta.

Foreldrakönnun lauk 31. mars og niðurstöður úr henni væntanlegar fljótlega.

Nokkuð hefur verið um að starfsfólk sækji námskeið sem nýtast að sjálfsögðu alltaf í starfi og svo fara þeir sem eru í námi reglulega í staðlotur og Alda hefur líka verið í vettvangsnámi.

Mannafjöldi í húsi er í lagi en við ákváðum að ráða ekki inn fyrir Elmu, sem er farin í fæðingarorlof, að svo stöddu. Ætlum að treysta á að vorið sé handan við hornið og við getum verið meira úti en áður. En það þarf að huga að starfsmanni fyrir hana í haust.

Ég er búin að fá umsókn frá leikskólakennara sem að öllum líkindum byrjar í ágúst og þá eru uppeldismenntaðir starfsmenn á hverri deild. Jónína og Heiða ljúka svo leikskólaliða námi næsta vetur.

Við höfum haft tvo nema í námi hjá okkur, einn leikskólakennaranema og einn nema sem er í diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun á Menntavísindasviði HÍ. Neminn sem er í

diplómanáminu hefur sýnt áhuga á að koma til starfa hjá okkur í haust og er verið að skoða möguleika á því.

Dagur leikskólans, 6. febrúar, var haldinn hátíðlegur með opnun myndlistarsýningar í STRAX, börnin sungu lög og fengu hressingu hjá Agnesi. Á kerlingadeginum var mæðrum, ömmum, frænkum og þeim sem vildu boðið að kíkja á börnin í íþróttahúsinu og var mikil og góð mæting og allir skemmtu sér vel. Bókasafnsheimsóknir byrjuðu aftur og fara börnin í litlum hópum í heimsókn á bókasafnið. Öskudagurinn var með hefðbundnu sniði, allir mættu í búningum og foreldrafélagið mætti með blöðrum og hressingu. „Kötturinn“ var sleginn úr tunnunni, allir dönsuðu og svo fengum við pizzu í hádegismat.

Leikskólastjóri sat tvo fundi leikskólastjóra í Árnespíngi og eru það alltaf góðir og gagnlegir fundir. Einnig hefur leikskólastjóri verið duglegur við að senda fréttir í Pésa og Dagskrána og hefur hug á að halda því áfram. Fréttir af deildum hafa líka ratað í Pésann.

Nokkrar umsóknir um vistun hafa borist fyrir haustið og líkur á að barnafjöldi næsta vetur verði sami og í vetur. Einnig liggja inni nokkrar umsóknir um starf á leikskólanum.

## **2. Starfsmannakönnun**

Kynntar voru niðurstöður starfsmannakönnunar sem gerð var í febrúar. Skólanefnd lýsir yfir ánægju með skýrsluna og niðurstöður hennar. Niðurstöður skýrslunnar eru jákvæðar miðað við langflesta mælivísa og sýna jákvæða þróun m.t.t. starfsanda, faglegs starfs og starfsþróunar. Skólanefnd felur leikskólastjóra að vinna úr málinu í samræmi við niðurstöður skýrslunnar.

## **3. Trúnaðarmál**

Trúnaðarmál fært í trúnaðarmálabók.

## **4. Önnur mál**

**a)** Vistun 12 mánaða barna, umsóknir um undanþágur. Leikskólastjóri lagði fram 3 umsóknir um undanþágu sbr. 6 gr. vistunarreglna leikskólans. Skólanefnd samþykkir umsóknirnar.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16:00

